



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í  
GARÐABÆ 1. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2015  
MIÐVIKUDAGINN 26.ÁGÚST KL.13:15**

**1. Bréf o.fl. erindi.**

**A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)**

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

**B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot**

**Skert tímasókn/Árekstrar í töflu: (sjá minnisblað)**

Nokkrir nemendur þurfa að taka tvo áfanga með skertri tímasókn vegna töflugerðar. Slíkir árekstrar eru samþykktir af aðstoðarskólameistara. Nöfn þessara nemenda verða send til viðkomandi kennara.

**Mat á íþróttum:**

Umsóknum um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

**C. Önnur bréf**

Nemandi óskar eftir ívilnun á mætingaskyldu á fimmtudögum (ÍÞRÓ1hr05)\* og föstudögum (STÆR1ua05) vegna Listdansskóla Íslands.

Vísað til aðstoðarskólameistara.

Nemandi óskar eftir undanþágu frá ensku til stúdentsprófs af listnámsbraut

Sent til kennslustjóra í ensku til umsagnar.

Nemandi sendir inn bréf vegna brottvísunar úr skóla

Erindið hefur verið afgreitt af skólameistara.

**2. Félagslíf og fjármál NFFG**

Nýir fulltrúar NFFG greindu frá því helsta sem stjórn nemendafélagsins hefur skipulagt á komandi vetri. Fyrsta ballið verður haldið í kvöld á Spot. Í næstu viku verður nýnemaferð. Nemendafélagið vinnur að skipulagningu viðburða á haustönn. Viðburðadagatal verður sett á heimasíðu.



### 3. Önnur mál

Forvarnateymið mun sækjast eftir fulltrúa nemenda í þeim verkefnum sem lúta að heilbrigðum lífsstíl nemenda.

**Fundinn sátu:**

Anna Guðrún Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi  
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Kristinn Þorsteinsson skólameistari  
Páll Maris Pálsson forseti NFFG  
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi  
Snjólaug Elín Bjarnadóttir áfangastjóri  
Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara  
Sverrir Bartolozzi fjármálastjóri NFFG  
Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi